

26. janúar 2018

## Námskeið á vegum BHM

### Vorönn 2018

Árlega skipuleggur BHM margvísleg námskeið fyrir almenna félagsmenn aðildarféлага, kjörna fulltrúa þeirra, starfsfólk og trúnaðarmenn. Þau eru yfirleitt opin öllum félagsmönnum BHM án endurgjalds og er ætlað að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Þessi þáttur í starfsemi bandalagsins á sér m.a. stoð í grein 1.1. í lögum þess og ákvæðum kjarasamninga eða bókunum við þá.

Fræðsludagskrá vorsins 2018 verður skipt upp í tvo hluta. Fyrri hluta, sem er fram að páskum og seinni hluta sem er þá eftir páska. Á fyrri hluta vorannar 2018 verða eftirtalin 6 námskeið í boði. Hér er m.a. um að ræða námskeið sem sérstaklega er ætlað trúnaðarmönnum (*Grunnnámskeið II fyrir trúnaðarmenn*), námskeið um efnahagslegar forsendur kjarasamninga, og um undirbúning starfsloka. Þá er námskeið um streitu og kulnun á vinnustað, ásamt öðrum námskeiðum sem miða að því að efla persónulega færni og hæfni þátttakenda Eitt námskeið verður sérstaklega um fundarsköp, fundarstjórnun og fundarritun, til að fá sem mesta hagræðingu út frá fundum. Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar sem, ef út í þær fer, verða kynntar á vef BHM.

Á seinni hluta vorannar 2018 mun BHM stórefla fræðslu til félagsmanna, trúnaðarmanna og stjórnenda um kynbundna og kynferðislega áreitni. Það verður auglýst nánar síðar.

**Opnað verður fyrir skráningu á vef BHM kl. 12:00 á hádegi mánudaginn 29. janúar nk.** (slóðin er: <http://www.bhm.is/um-bhm/fraedsla/dagskrafraedslu/>). Vinsamlegast athugið að fjöldi þátttakenda er yfirleitt takmarkaður – fyrstir koma, fyrstir fá. Til greina kemur að endurtaka einstök námskeið ef aðsókn er verulega umfram laus pláss. **Kennsla fer fram í húsnæði BHM að Borgartúni 6 í Reykjavík, 3. hæð.**

Nokkur af þessum námskeiðum verða einnig haldin á Akureyri í samstarfi við Akureyrarbæ og Ísafirði í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða en dagsetningar liggja enn ekki fyrir. Opnað verður fyrir skráningu á þessi námskeið á næstu vikum.

Flestum námskeiðum verður streymt á streymisveitu BHM.

7. febrúar

**Grunnnámskeið II fyrir trúnaðarmenn**

Tími:

**9:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Marianna H. Helgadóttir, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)**

Lýsing:



Námskeiðið er ætlað trúnaðarmönnum aðildarfélagi BHM. Fjallað verður um:

- ✓ Launasetningu og eftirfylgni með framkvæmd stofnana- og kjarasamninga.
- ✓ Uppsagnir, starfslok og áminningar.
- ✓ Breytingar á störfum, ráðningarkjörum og starfshlutfalli.
- ✓ Ýmis lög, s.s. lög um hópuþsagnir og lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- ✓ Reglugerð um einelti, ofbeldi og kynferðislega áreitni á vinnustöðum.
- ✓ Samskiptavandamál og einelti á vinnustöðum.
- ✓ Starfsmannasamtöl og starfspróun.
- ✓ Sveigjanlegan vinnutíma.
- ✓ Einstaka þætti kjarasamnings, s.s. um vinnutíma, veikindarétt o.fl.

13. febrúar

### Efnahagslegar forsendur kjarasamninga

Tími:

**10:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Georg Brynjarsson, hagfræðingur BHM**

Lýsing:

Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu á efnahagslegum forsendum kjarasamninga og undirbúa forsvarsmenn aðila vinnumarkaðarins fyrir kjaraviðræður. Námskeiðinu er ætlað að veita ákveðinn grunnskilning en getur einnig þjónað sem holl upprifjun. Á námskeiðinu verður farið yfir undirstöðuatriði þjóðhagfræðinnar og helstu hugtök útskýrð. Þá verða skoðuð sérstaklega áhrif vinnumarkaðar á hagkerfið og þær hagstærðir sem hafa áhrif á kaupmátt launþega.

28. febrúar

### Undirbúningur starfsloka

Tími:

**10:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka**

Lýsing:

Fjármál flækjast til muna þegar taka lífeyris hefst. Á námskeiðinu verður farið yfir atriði sem mikilvægt er að hafa í huga þegar starfslok eru undirbúin, s.s.:

- ✓ Hvernig eru greiðslur og skerðingar Tryggingastofnunar?
- ✓ Hvenær á ég að sækja um?
- ✓ Hvað ef mig langar að halda áfram að vinna eftir 65/67 ára aldur?
- ✓ Hvernig ætti ég að taka út séreignarsparnaðinn minn?
- ✓ Hvað þarf ég að vita varðandi skattkerfið?
- ✓ Hvaða áhrif hefur ávöxtun sparifjár?

7. mars

### Einelti á vinnustað

Tími:

**10:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM**

Lýsing:



Í upphafi námskeiðsins verður fjallað um helstu lög og reglur sem gilda um einelti á vinnustöðum. Síðan verður fjallað um helstu birtingarmyndir eineltis, ytri áhrifaþætti svo sem vinnuaðstæður, stjórnunarhætti og viðhorf í starfshópnum sem geta haft áhrif á hvort upp kemur einelti og hvernig við því er brugðist. Greint verður frá hvaða áhrif einelti getur haft á þolandann. Loks verður fjallað um forvarnir og fagleg viðbrögð við kvörtunum um einelti.

13. mars

### **Vinnutengd streita og kulnun**

Tími:

**9:00–12:00**

Umsjón/Leiðbeinandi:

**Jóhanna Ella Jónsdóttir, sálfræðingur og ráðgjafi hjá Hugtak mannauðsráðgjöf.**

Lýsing:

*Heilsa er mikilvægur hluti í lífi starfsmanna og vinnustreita er eitthvað sem ber að forðast eða læra að takast á við á þann hátt að dragi úr neikvæðum afleiðingum. Vinnustreita getur haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir starfsfólk sem og vinnustaði í heild og langvarandi streita getur leitt til kulnunar í starfi. Gagnlegt er fyrir alla að starfsmenn og stjórnendur að þeir læri að stjórna þeim þáttum starfsins sem þeir geta og læri að þekkja inn á eigin viðbrögð við streitu.*

*Vinnusmiðjan stuðlar að því að stjórnendur og starfsmenn átti sig á og kunni skil á*

- Eðli vinnustreitu
- Birtingarmyndum
- Áhættuþáttum
- Fyrstu merkjum kulnunar í starfi
- Afleiðingum streitu og kulnunar
- Viðbrögðum við streitu

27. mars

### **Fundarsköp og fundarstjórnun**

Tími:

**09:00–12:00**

Umsjón/leiðbeinandi:

**Viktor Ómarsson, JCI á Íslandi**

Lýsing:

*Þetta er tilvalið námskeið fyrir alla þá sem sitja fundi og eru þreyttir á hversu miklum tíma er sóað.*

*Farið er yfir öll grundvallaratriði fundarskapa og þátttakendur fá tækifæri til að framfylgja réttum fundarsköpum og stjórna fundum samkvæmt þeim. Farið er í meðhöndlun breytingartillagna hverskonar, úrskurði deilumála o.fl.*

*Tilgangurinn er að þjálfna þátttakendur í að taka virkan þátt í fundarstörfum og tryggja markvissan og góðan fund.*